



Ungmennaráð Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Samkvæmt lögum BH skal stjórn skipa ungmennaráð skipað fulltrúum 25 ára eða yngri. Í ráðinu geta verið 3-7 fulltrúar. Einn fulltrúi ungmennaráðs hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnar. Ungmennaráðið skal funda amk einu sinni á ári. Fulltrúi ungra í stjórn er formaður ráðsins og sér um að koma málum áfram til stjórnar félagsins.

Hlutverk ungmennaráðsins er eftirfarandi:

- Vera málsvari ungmenna í félaginu.
- Vera ráðgefandi fyrir stjórn um verkefni og málefni þess.
- Sækja markvisst skoðanir annarra ungmenna.
- Gefa ungmennum vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Vekja athygli á ungmennaráðinu og kynna það fyrir iðkendum í félaginu.
- Halda viðburði fyrir ungmenni í félaginu.

Uppfært og samþykkt á stjórnarfundi í janúar 2024